

OLÍUKRÍT OG OLÍA

Það er mikill fjöldi mynda á sýningu Guðlaugs Þórs Ásgeirssonar í hálfum vestursal Kjarvalsstaða.

Samkvæmt sýningarskrá eru öll verkin annaðhvort unnin í olíu eða olíukrít, sem er þó ekki alveg rökrétt við nám Guðlaugs, en hann lauk námi í grafíkdeild MHÍ árið 1981.

Kannski hefur Guðlaugur tekið skakka stefnu á hæðina, eins og það er orðað, því að vinnugleði hans virðast engin takmörk sett nema þá á sérsviðinu, því að engar grafíkmyndir eru á þessari fyrstu alvöru sýningu hans — en áður hefur hann haldið tvær smásýningar og tekið þátt í nokkrum samsýningum.


Eins og sérnámi í grafík er nú háttað fer minnsti tíminn í það að handleika pensla fyrir framan málaratrönnur og það kemur því ekki á óvart, að tækni Guðlaugs Þórs sé nokkuð frumstæð og á köflum næsta viðvansleg, þótt vinnugleðina hafi hann nóga. En satt að segja verður manni á að óska á þessum tveim sýningum, sem nú standa yfir í vestursal, að dugnaðarins og metnaðarins

sæi meira stað í útfærslu hverrar myndar fyrir sig en í sjálfri tjágleðinni. Að vísu ræktar margur klaufaskapinn undir formerkjum framúrstefnu með goðsögulegri tilvísun auk þess að kenna það við einhverja tegund af hómor eða kímni en slíkt þarf sterkan og upprunalegan undirtón til að ná tilgangi sínum, sem sjaldan er til staðar.

Ekki sé ég að myndir Guðlaugs risti dýpra en hver önnur tækifærississ, sem gerð eru við ýmis tilfni af mönnum og landslagi auk hugarflugsmynda í bland.

Nokkrar myndanna eru gerðar undir sterkum áhrifum frá Munch svo sem nr. 7, 17 og 18, en hér eru áhrifin nokkuð flautursleg í útfærslu þannig að auðséð er, að gerandinn hefur ekki skilið meistaran rétt né kært sig um það.

Einstakir hlutar mynda skila sér þó og þá einkum í landslagsmyndunum, þar sem hinn tæknilegi hrjúfleiki útfærslunnar nýtur sín og vissulega hafa ýmsir listamenn náð langt í dyrkun hrjúflekans sem aðalatriði. Og kannski er það svið Guðlaugs Þórs Bjarnasonar, en hér vil ég engu spá að svo komnu.



Málverk af hljóðfæraleikurum

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Listrýnirinn verður að viðurkenna, að það er erfitt að snúa sér að almennri gagnrýni á málverkasýningum í sýningarsölum borgarinnar eftir að hafa fjallað um landslagsmyndir Jóns Stefánssonar í Norræna húsinu.

Viðhorfin eru að vísu og auðvitað allt önnur til málalistarinnar í dag en þá, er sá ágæti málari

mundaði pentskúfinn, en grundvallarlögmálin eru þó þau sömu. Og fram hjá þessum grundvallarlögmálum verður traúðla gengið. Jafnvel kennir maður þau í hinum villtustu málverkum nýbylgjunnar, sem í raun og veru er stundum einnig nefnd „villta málverkið.“

Það skiptir litlu, hvað málað er, ef það er gert mað „lart“, eins og þeir nefna það í Frans og allir þeir eiga að skilja, sem tilfinningu hafa fyrir málverki.

Og hvað sem málað er, þá krefst hver grein listarinnar sérs-

takrar þjálfunar meðvitaðrar eða ósjálfráðrar.

Allt þetta dettur mér í hug eftir endurtekna skoðun sýningar **Rutar Rebekku Sigurjónsdóttur** í hálfum vestursal Kjarvalsstaða. Bygging og útfærsla verka hennar af hljóðfæraleikurum verður að teljast mjög veik og teikningin oft og tíðum næsta klaufsk og þá einkum þegar hendur og andlit eru annars vegar.

Að gera slíkt vel og hnitmiðað krefst áralangrar og markvissrar þjálfunar, sem hér er ekki til staðar þrátt fyrir alla undirstöðuþjálfunina í MHÍ. En koma hér ekki einmitt fram vankantar annakerfisins í sinni ljósustu mynd ásamt alltof litilli þjálfun í teikningu mannslíkamans?

Það er stórhættulegt að læra sitt lítið af hverju, en ekkert tæmandi, hversu góður sem árangurinn er frá einni önn til annarrar. Þessu hef ég alltaf haldið fram, og það fær mig enginn ofan af því héðan af í ljósi útkomunnar, er við blasir.

Vorst er þegar farið er að vanrækja grundvallarnámið, en auka framhaldsnámið, þannig að fólk veit jafnvel ekki í hvaða fót skal stigið skólann í gegn. Enginn dugnaður fær bætt upp raunhæfa þjálfun og þroska og hér dugir ekki einu sinni, að nemendur og kennarar geri sitt besta. Og ei heldur að ánetjast einhverri hugmyndafræði, er gengur yfir.

Rut Rebekka hefur góða tilfinningu fyrir lit, og það er hennar sterkasta hlið á þessari sýningu og meðferð hennar á þeim ber sértækum vinnubrögðum vitni, svo sem við sjáum í myndinni „Frásögn tóna“ (16). En byggingarlega séð þykja mér myndir eins og „Píanóleikarinn“ (7) og „Með fiðlu“ (43) bera af, og þetta eru satt að segja einu myndirnar, sem ég í raun og veru get sætt mig fullkomlega við. En um leið staðfesta þær, að það býr öllu meira í þessari myndlistarkonu en marka má af sýningunni í heild.



Ljósmyndað landslag

Í vestari og eystri gangi Kjarvalsstaða sýnir sænski ljósmyndarinn **Bengt G. Eriksson** allmargar ljósmyndir af norrænu landslagi.

Bengt, sem er fæddur 1948, hefur stundað ljósmyndun í tvo áratugi og mun vel þekktur í sínu heimalandi og hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir myndir sínar.

Það má líka greinilega sjá það á myndunum á sýningunni, að hér er á ferð maður með næmt auga fyrir myndefnum sínum, sem eru nær- og fjærmyndir af landslagi hvers konar, ýmsu smálegu í því svo og gróðurmögnum jarðar.

Föng sín hefur Bengt sótt til Skandinavíu, Orkneyja, Færeyja og Íslands.

Bengt virðist vera töluverður galdramaður á sviði ljósmynda-tækninnar og með ríka tilfinningu fyrir myndbyggingu í landslaginu og þá ekki síður ýmsum smáatriðum eins og mosa, steinum, lafi

eða jafnvel skófum á steini. Allt, sem hrífur, virðist verða honum að myndefni, smátt sem stórt, enda er fegurðin söm í hvorutveggja, það sem máli skiptir er einfaldlega að koma auga á hana.

Og það, sem gefur sýningunni aukið gildi, er hve viðfangefnin eru fjölbreytileg og ólík en hafa þó margt sameiginlegt þannig að stundum er erfitt að giska á, hvaðan einstakar myndir séu. Það er kannski vegna þess, hve vinnubrögðin við slíkar litljósmyndir eru áþekkt, og t.d. er sami glansinn og áferðin á þeim öllum og gildir þá einu af hverju þær eru. Kann ég minnst við þennan þátt úrvinnslunnar og tækninnar.

En í heild er þetta mjög áhuga-verð sýning og skákar eiginlega báðum málverkasýningunum, er voru opnaðar á sama tíma í vestursal, og mætti segja að vinnubrögðin minni stundum á myndir Kjarvals í eystri sal, sem þó eru í æðra veldi.

